

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 588/2001

2002/EES/53/20

frá 26. mars 2001

um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma að því er varðar skilgreiningar á breytum (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

2. gr

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 frá 19. maí 1998 varðandi hagskýrslur til skamms tíma ⁽¹⁾, einkum 3. gr. og c-liður 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1165/98 er settur sameiginlegur rammi um gerð skammtímahagskýrslna bandalagsins um hagsveiflur.
- 2) Samkvæmt c-lið 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1165/98 eru framkvæmdarráðstafanir nauðsynlegar að því er varðar skilgreiningar á breytum sem leggja skal fram.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreining á breytum

Breyturnar, sem falla undir skammtímahagskýrslur, eru tilgreindar í reglugerð (EB) nr. 1165/98 í 1. lið c-liðar viðauka A, 1. lið c-liðar viðauka B, 1. lið c-liðar viðauka C og 1. lið c-liðar viðauka D. Skilgreiningar á breytunum ásamt markmiðum, einkennum og útreikningi viðkomandi vísitalna eru settar fram í viðaukanum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. mars 2001.

Beiting skilgreininga

Aðildarríkin skulu beita skilgreiningunum, sem settar eru fram í viðaukanum, við söfnun tölfraðilegra gagna, sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1165/98, eigi síðar en einu ári eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

Aðildarríkin skulu við beitingu skilgreininganna, sem settar eru fram í viðaukanum, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fyrirbyggjandi tölfraðileg gögn, sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1165/98, verði endurskoðuð með útreikningi eða mati svo að þau séu í samræmi við þessar skilgreiningar.

Aðildarríkin skulu samræma skilgreiningar á tölfraðilegum gögnum, sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1165/98, við skilgreiningarnar, sem settar eru fram í viðaukanum, eigi síðar en í næstu endurskoðun grunnársins sem gert er ráð fyrir í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1165/98.

Ef ekki munar nema 0,2% á niðurstöðum tiltekinnar breytu og niðurstöðum breytu, sem er í samræmi við skilgreiningar á breytunni sem mælt er fyrir um í viðaukanum, skulu þær teljast samræmdar.

3. gr.

Upplýsingar um samræmi við skilgreiningarnar

Hvert aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni, að beiðni hennar, allar viðeigandi upplýsingar um samræmi tölfraðilegra gagna innan aðildarríkisins við skilgreiningar sem settar eru fram í viðaukanum.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtuð. EB L 86, 27.3.2001, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2002 frá 1. mars 2002 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 21, 25.4.2002, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 162, 5.6.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

VIÐAUKI

SKILGREINING Á MARKMIÐUM OG EINKENNUM BREYTNNA

Breyta 110: Framleiðsla

Markmiðið með framleiðsluvísitölunni er að mæla breytingar á framleiðslumagni oft og með reglulegu millibili. Það mælir þróun á hækkun vinnsluvirðis á þáttaverði á gefnu viðmiðunartímabili ⁽¹⁾.

Framleiðsluvísitalan er fræðileg stærð sem þarf að nálgast við raunstærðir.

Hægt er að reikna vinnsluvirði á þáttaverði ⁽²⁾ á grundvelli veltu (án virðisauka og annarra svipaðra frádráttarbærra skatta sem tengjast veltu beint), að viðbættri framleiðslu sem færð er til eignar, að viðbættum öðrum rekstrartekjum, að viðbættum eða að fráðregnum breytingum á birgðum, að fráðregnum kaupum á vörum og þjónustu, að fráðregnum öðrum sköttum á vörum sem tengjast veltu en eru ekki frádráttarbærir, að fráðregnum gjöldum og sköttum sem tengjast framleiðslu.

Tekjur og útgjöld, sem flokkuð eru sem fjármunatekjur og -gjöld eða óreglulegar tekjur og óregluleg útgjöld í ársreikningum fyrirtækja, eru undanskilin virðisauka.

Vöru- og framleiðslutengdir styrkir eru innifaldir í vinnsluvirði á þáttaverði en allir skattar á vörur og framleiðslu eru undanskildir.

Vinnsluvirði á þáttaverði er reiknað „brúttó“ þar sem endurmat (svo sem vegna afskrifta) er ekki dregið frá.

Ath.: Óbeinum sköttum má skipta í þrjú flokka:

- i) Fyrsti flokkurinn er myndaður af virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast veltunni beint en ekki er tekið tillit til við útreikning á henni. Fyrirtækið innheimtir þessa skatta í áföngum og neytandi vörunnar greiðir þá að fullu.
- ii) Annar flokkurinn tekur til allra annarra skatta og gjalda á vörur sem annaðhvort ⁽¹⁾ tengjast veltu og eru ekki frádráttarbærir eða ⁽²⁾ eru skattar á vörur sem tengjast ekki veltu. Hér eru meðtaldir skattar og gjöld á innflutning og skattar á framleiðslu, útflutning, sölu, millifærslu, kaupleigu eða afhendingu vöru og þjónustu eða í tengslum við notkun þeirra til eigin neyslu eða eigin fjárfestingar.
- iii) Þriðji flokkurinn tekur til skatta og gjalda á framleiðslu. Um er að ræða lögboðnar, einhliða greiðslur í fé eða fríðu sem opinber yfirvöld eða stofnanir Evrópusambandsins leggja á framleiðslu og innflutning á vörum og þjónustu, ráðningu vinnuafis, eignar- eða afnotarétt af lóðum, byggingum eða öðrum eignum, sem notaðar eru við framleiðslu, án tillits til magns eða virðis eignanna og þjónustunnar sem framleiddar eru eða seldar.

Fræðileg formúla fyrir framleiðsluvísitölu (Q) er magnvísitala með Laspeyres-sniði, þ.e.

$$Q_t^L = \frac{\sum_{i=1}^N p_{i,0} \times q_{i,t} - \sum_{j=1}^{M(t)} \alpha_{j,0} \times \delta_{j,t}}{\sum_{i=1}^N p_{i,0} \times q_{i,0} - \sum_{j=1}^{M(0)} \alpha_{j,0} \times \delta_{j,0}}$$

með	q	= framleiðslumagn
	p	= framleiðsluverð
	α	= aðfangaverð
	δ	= aðfangamagn
	i	= ein af N-hrávörum
	j	= eitt af M-aðföngum
	o	= grunntímabil
	t	= yfirstandandi tímabil

⁽¹⁾ Hinn venjulegi skilningur á hugtakinu „framleiðsluvísitala“ sem „þróun vinnsluvirðis“ stangast á við skilgreininguna á „framleiðslu“ innan ramma þjóðhagsreikninga eða hagskýrslna um fyrirtæki en er samt sem áður rétta hugtakið sem venjan er að nota á þessu sviði hagskýrslna um fyrirtæki. Hugtakið „vinnsluvirðisvísitala“ er aldrei notað í raun. Þar sem vísitalan fylgir framleiðsluþróun á föstu verðlagi er hugtakið „framleiðslumagnsvísitala“ stundum notað. Hugtakið „framleiðsluvísitala“ er alltaf notað í þessum texta sem magnvísitala, með öðrum orðum á föstu verðlagi.

⁽²⁾ Hugtakið „vinnsluvirði á grunnverði“ var tekið upp í þjóðhagsreikningum. Í samanburði við vinnsluvirði á þáttaverði felur það í sér skatta sem tengjast framleiðslu, en rekstrarstyrkir vegna framleiðslu eru undanskildir. Samræming við þjóðhagsreikninga getur haft einhverja kosti í för með sér svo að aðildarríkjum er heimilt að nota hugtakið vinnsluvirði á grunnverði í staðinn fyrir vinnsluvirði á þáttaverði.

Gögn, sem eru nauðsynleg fyrir samantekt á slíkri vísitölu, eru þó ekki tiltæk mánaðarlega. Í reynd eru viðeigandi áætluð gildi við framreikning vísitölnnar eftirfarandi:

- framreikningur með brúttóframleiðsluverðmæti (raunvirtu),
- framreikningur með magni,
- framreikningur með veltu (raunvirtri),
- framreikningur með vinnuflagi,
- framreikningur með hráefnisaðföngum,
- framreikningur með orkuflagi.

Eftir því hvaða nálgunaraðferð er notuð skal framleiðsluvísitalan taka mið af:

- breytileika á tegundum og gæðum varanna og hráefnisaðfanga,
- breytingum á birgðum fullunninna vara og vara og þjónustu í vinnslu,
- breytingum í tæknilegum tengslum aðfanga og framleiðslu (vinnslutækni),
- þjónustu sem skapar vinnsluvirði, t.d. samsetningu framleiðslueininga, festingu, uppsetningu, viðgerð, skipulagi, högun og þróun hugbúnaðar.

Breyta 115: Framleiðsla í byggingarstarfsemi

Breyta 116: Framleiðsla í mannvirkjagerð

Markmið og einkenni vísitalna fyrir breytu 110 (framleiðslu) gilda einnig um vísitölur breytna fyrir byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.

Skipting framleiðslu í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð byggist á flokkun á tegundum bygginga (CC). Markmiðið með þessum vísitölum er að sýna þróun vinnsluvirðis fyrir hvorn af tveimur meginþáttum í byggingariðnaði, sem sé byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Vísitölurnar reiknast þannig að grundvallarupplýsingum (raunvirtri framleiðslu, vinnustundum, heimildum/leyfum) er úthlutað á vörurnar í flokkun á tegundum bygginga, síðan eru framleiðsluvísitölurnar, í samræmi við flokkun á tegundum bygginga, sameinaðar á bálkastigi.

Breyta 120: Velta

Markmiðið með veltuvísitölunni er að sýna þróunina á vöru- og þjónustumarkaðnum.

Velta ⁽¹⁾ er sú heildarfjárhæð sem viðkomandi spurnareining færir til reiknings á viðmiðunartímabilinu og svarar til sölu á vörum eða þjónustu til þriðju aðila.

Velta tekur til allra gjalda og skatta á vörur eða þjónustu, sem einingin færir til reiknings, að undanskildum þeim virðisaukaskatti sem einingin færir viðskiptamanni beint til reiknings og öðrum svipuðum, frádráttarbærum sköttum sem tengjast veltu beint.

Velta tekur einnig til alls annars kostnaðar (vegna flutnings, pökkunar o.s.frv.), sem fellur á viðskiptamanninn, jafnvel þótt þessi kostnaður sé talinn upp sérstaklega í reikningnum.

Draga verður frá verðlækkunir, afslátt og virði umbúða sem skilað er. Verðlækkunir, afslættir og ágóðahlutdeild, sem síðar er veitt viðskiptavinum, til dæmis í lok ársins, er ekki tekin til greina.

Tekjur, sem í ársreikningum fyrirtækja eru flokkaðar sem aðrar rekstrartekjur, fjármunatekjur og óreglulegar tekjur, eru undanskildar frá veltu. Styrkir frá opinberum yfirvöldum eða stofnunum Evrópusambandsins eru einnig undanskildir.

Atriði sem venjulega eru talin með samkvæmt skilgreiningu þessari:

- sala iðnaðarvara,
- sala á vörum sem undirverktakar framleiða,
- sala á vörum sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi,
- veitt þjónusta sem er færð til reiknings,
- sala aukaafurða,
- reikningsfærður kostnaður vegna umbúða og flutnings,

⁽¹⁾ Hugtökin „velta“, „sala“, „afhending“ og „sending“ eru oft notuð sem samheiti í tengslum við skammtímahagskýrslur.

- vinnustundir sem eru reikningsfærðar á þriðju aðila fyrir undirverktakastarfsemi, eingöngu vegna vinnu,
- reikningsfærðar festingar, uppsetningar og viðgerðir,
- reikningsfærðar uppsetningar (greiðslur í áföngum),
- reikningsfærð þróun hugbúnaðar og hugbúnaðarleyfi,
- seld raforka, gas, varmi, gufa og vatn,
- sala á úrgangi og brotajárni.

Með fyrirvara um meðferð tekna, sem í ársreikningum fyrirtækja eru flokkaðar sem aðrar rekstrartekjur, fjármunatekjur og óreglulegar tekjur ⁽¹⁾, eru þau atriði sem venjulega eru undanskilin:

- umboðslaun,
- leiga,
- langtímaleiga á eigin framleiðslueiningum og vélum ef þriðji aðili notar þær,
- langtímaleiga á dvalarstað í eigu fyrirtækis,
- tekjur af leyfisgjöldum,
- tekjur af starfsmannaaðstöðu (til dæmis af verksmiðjumötuneyti),
- afhending vöru og þjónustu innan spurnareiningar,
- sala á eigin landi og fastafjármunum,
- sala eða langtímaleiga á eigin eignum,
- sala hlutabréfa,
- vaxtatekjur og arður,
- styrkir,
- aðrar óreglulegar tekjur.

Telja má atriðin hér á undan með ef þau mynda tekjur á meginrekstrarsviði spurnareiningarinnar.

Breyta 121: Velta á innlendum markaði

Breyta 122: Velta á erlendum markaði

Markmið og einkenni vísitalna fyrir breytu 120 (veltu) eiga einnig við um vísitölur sem greina á milli veltu á innlendum og erlendum markaði.

Vísitölur veltu á innlendum og erlendum markaði útheimta að veltu sé skipt samkvæmt fyrsta ákvörðunarstað vörunnar og fer eftir breytingu á eignarhaldi (hvort sem einnig er um að ræða samsvarandi hreyfingu birgða yfir landamæri eða ekki). Ákvörðunarstaðurinn fer eftir búsetu þriðja aðila sem keypti vörunnar og þjónustuna. Skilgreining á innanlandsmarkaði felst í því að þriðji aðili og spurnareiningin séu á yfirráðasvæði sama lands.

Breyta 123: Sölumagn

Sölumagn stendur fyrir veltuvirði á föstu verðlagi og er því magnvísitala. Það má reiknast sem velta á núverandi verði, raunvirt með raunvirði sölu, eða sem magnvísitala sem er leidd beint af magni seldra vara.

Hægt er að nota upplýsingarnar um sölumagn (breytu 123) í stað raunvirðis sölu (breytu 330) í viðauka C (smásöluverslun og viðgerðir) í reglugerð (EB) nr. 1165/98.

Breyta 130: Nýjar pantanir móttæknar

Markmiðið með vísitölunni fyrir nýjar pantanir móttæknar er að sýna þróun eftirspurnar eftir vörum og þjónustu til upplýsingar um framtíðarframleiðslu. Einnig er viðeigandi að láta þess getið hvort eftirspurnin sé upprunnin á innlendum eða erlendum markaði.

Pöntun er skilgreind sem verðmæti samningsins milli framleiðanda og þriðja aðila um að framleiðandi láti í té vörur og þjónustu. Pöntunin er staðfest ef nægilegur grundvöllur er fyrir gildum samningi að dómi framleiðandans.

Nýjar pantanir eiga við um vörur og þjónustu sem spurnareiningin veitir, einnig þær sem koma frá undirverktaka.

Eftirfarandi atriði skal draga frá verðmæti pantana:

- virðisaukaskatt og aðra álíka frádráttarbæra skatta sem tengjast veltunni beint,
- verðlækkningar, afslætti og afföll við pöntun ásamt verðmæti umbúða sem gert er ráð fyrir að sé skilað eftir afhendingu,
- styrki frá opinberum yfirvöldum eða stofnunum Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Nota skal innlendar bókhaldsreglur sem leiðbeinandi meginreglur um hvað skal innfalið og hvað undanskilið.

Ekki skal draga pantanir frá fyrri tímabilum, sem hafa verið ógiltar á eftirlitstímabilinu, frá nýjum mótteknum pöntunum og ekki heldur endurskoða vísitölu fyrir tímabila vegna ógildinga.

Í nýjum pöntunum eru meðtalin öll gjöld og skattar á vörur og þjónustu sem einingin færir til reiknings að undanskildum virðisaukaskatti og öðrum álíka frádráttarbærum sköttum sem tengjast veltu beint.

Verðmæti nýrra pantana felur einnig í sér allan annan kostnað (flutning, umbúðir o.s.frv.) sem fellur á viðskiptavininn, jafnvel þótt sá kostnaður verði skráður sérstaklega á reikninginn.

Breyta 131: Nýjar pantanir fyrir innlendan markað

Breyta 132: Nýjar pantanir fyrir erlendan markað

Markmið og einkenni vísitalna fyrir breytu 130 (nýjar pantanir mótteknar) eiga einnig við um vísitölur sem greina á milli nýrra pantana á innlendum og erlendum markaði.

Vísitölur innlendra og erlendra nýrra móttekinna pantana útheimta að nýjum mótteknum pöntunum verði skipt samkvæmt uppruna pöntunar með tilliti til breytingar á eignarhaldi. Uppruninn fer eftir búsetu þriðja aðila sem lagði inn pöntunina. Skilgreining á innanlandsmarkaði felst í því að þriðji aðili og spurnareiningin séu á sama efnahagssvæðinu (sjá skilgreiningu á efnahagssvæði í lok þessa viðauka).

Breyta 135: Nýjar pantanir mótteknar vegna byggingarstarfsemi

Breyta 136: Nýjar pantanir mótteknar vegna mannvirkjagerðar

Markmið og einkenni vísitalna fyrir breytu 130 (nýjar pantanir mótteknar) gilda einnig um vísitölur breytna fyrir nýjar pantanir mótteknar vegna byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar.

Skipting nýrra móttekinna pantana í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð byggist á flokkun á tegundum bygginga (CC). Markmiðið með þessum vísitölum er að sýna mögulega framtíðarframleiðslu í hvorum af tveimur meginþáttunum í byggingariðnaði, þ.e. byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Vísitölurnar reiknast þannig að grundvallarupplýsingum um pantanir er úthlutað á vörur í flokkun á tegundum bygginga, síðan eru framleiðslu-vísitölurnar, í samræmi við flokkun á tegundum bygginga, sameinaðar á bálkastigi.

Breyta 210: Fjöldi starfsmanna

Markmiðið með vísitölunni fyrir fjölda starfsmanna er að sýna þróun atvinnumála í iðnaði, byggingarstarfsemi og þjónustu.

Fjöldi starfsmanna er skilgreindur sem heildarfjöldi einstaklinga sem starfa í viðkomandi spurnareiningu (að meðtöldum starfandi eigendum, félögum sem starfa reglulega í einingunni og ólaunuðum starfsmönnum í sömu fjölskyldu), auk einstaklinga sem vinna utan einingarinnar en tilheyra henni og fá greidd laun frá henni (þ.e. sölufulltrúar, sendlar og þeir sem annast viðgerðir og viðhald). Breytan tekur til fólks sem er fjarverandi um skamman tíma (þ.e. í sjúkraleifyfi, launuðu leyfi eða sérstöku leyfi), auk þeirra sem eru í verkfalli, en ekki þeirra sem eru fjarverandi ótímabundið. Hún tekur einnig til starfsmanna í hlutastarfi, sem samkvæmt landslögum í viðkomandi landi teljast til starfsmanna í hlutastarfi og eru á launaskrá, auk árstíðabundins vinnuafns, lærlinga og starfsmanna með vinnuáðstöðu heima sem eru á launaskrá.

Fjöldi starfsmanna tekur ekki til mannafla, sem önnur fyrirtæki sjá einingunni fyrir, einstaklinga, sem sinna viðgerðum og viðhaldi í einingunni fyrir hönd annarra fyrirtækja, eða þeirra sem gegna lögboðinni herskyldu.

Með ólaunuðum starfsmönnum í sömu fjölskyldu er átt við einstaklinga sem búa með eiganda einingarinnar og starfa reglulega fyrir eininguna en hafa ekki ráðningarsamning og fá ekki ákveðna fjárhæð fyrir þau störf sem þeir sinna. Þetta takmarkast við þá einstaklinga sem eru ekki á launaskrá hjá annarri einingu þar sem þeir gegna sínu aðalstarfi.

Hópar sem taldir eru með samkvæmt þessari skilgreiningu:

— allir launaðir starfsmenn, þ.m.t. eftirfarandi flokkar ef þeir eru á launaskrá:

- starfsmaður með vinnuáðstöðu heima,
- lærlingar/nemar,
- starfandi eigendur á launum og launaðir starfsmenn í sömu fjölskyldu,
- starfsmenn í tímabundnu leyfi (fæðingarorlofi, veikindaleyfi, verkfalli, verkþanni o.s.frv.) í tiltekinn tíma,
- starfsmaður í hlutastarfi,
- fólk í tímabundnu starfi,
- árstíðabundið vinnuafn,

- ólaunaðir starfsmenn:
 - ólaunaðir, starfandi eigendur,
 - ólaunaðir, starfandi menn í sömu fjölskyldu ⁽¹⁾.

Hópar sem eru undanskildir:

- afleysingafólk (að undanskilinni starfsemi þar sem slíkar atvinnumiðlanir eru flokkaðar),
- einstaklingar í leyfi í ótilgreindan tíma (t.d. vegna langvarandi veikinda, herþjónustu eða félagsþjónustu),
- einstaklingar sem sjá um viðgerðir eða viðhald fyrir hönd annarra spurnareininga og aðrir starfsmenn sem fengnir eru að láni hjá öðrum spurnareiningum,
- starfandi menn í sömu fjölskyldu á launaskrá annarrar einingar þar sem þeir gegna sínu aðalstarfi.

Fjöldi starfsmanna skal vera lýsandi fjöldi fyrir viðmiðunartímabilið.

Breyta 211: Fjöldi launþega

Fjöldi launþega er notaður til bráðabirgðasamræmingar á fjölda starfsmanna.

Fjöldi launþega er skilgreindur sem þeir einstaklingar sem vinna fyrir vinnuveitanda og hafa ráðningarsamning og fá greitt fyrir í formi launa, þóknunar, óreglulegra aukagreiðslna, ákvæðisvinnukaups eða þóknunar í fríðu.

Tengsl eru á milli vinnuveitanda og launþega þegar fyrir hendi er formlegur eða óformlegur samningur milli fyrirtækis og einstaklings, sem báðir aðilar ganga yfirleitt að af fúsnum og frjálsum vilja, en samkvæmt honum vinnur einstaklingurinn fyrir fyrirtækið gegn greiðslu í fé eða fríðu.

Starfsmaður er talinn vera launþegi hjá tiltekinni einingu ef einingin greiðir honum eða henni laun, án tillits til þess hvar vinnan er innt af hendi (innan eða utan framleiðslueiningarinnar). Starfsmaður frá vinnumiðlun fyrir afleysingafólk er talinn vera launþegi vinnumiðlunarinnar en ekki einingarinnar (viðskiptamannsins) sem hann vinnur hjá.

Hópar sem taldir eru með samkvæmt þessari skilgreiningu:

- starfandi eigendur á launum,
- námsmenn með formlega skuldbindingu um að leggja sitt af mörkum til framleiðsluferils einingarinnar gegn þóknun og/eða kennslu,
- launþegar sem eru ráðnir samkvæmt samningi sem sérstaklega er ætlað að hvetja til ráðningar atvinnulausra einstaklinga,
- starfsmenn með vinnuáðstöðu heima, ef fyrir hendi er skilmerkilegur samningur um að starfsmaðurinn fái greidd laun fyrir vinnu sem innt er af hendi og sé á launaskrá.

Fjöldi launþega tekur til starfsmanna í hlutastarfi, árstíðabundins vinnuafli, einstaklinga í verkfalli eða í stuttu leyfi en einstaklingar í langtímaleyfi eru undanskildir.

Fjöldi launþega tekur ekki til sjálfboðaliða.

Fjöldi launþega skal vera lýsandi fjöldi fyrir viðmiðunartímabilið.

Breyta 220: Vinnustundir

Markmiðið með vísitölunni fyrir vinnustundir er að sýna þróun umfangs vinnu sem innt er af hendi.

Heildarfjöldi vinnustunda launþega er samanlagður fjöldi vinnustunda sem launþegar hafa raunverulega unnið fyrir viðkomandi einingu á viðmiðunartímabilinu.

Þessi breyta tekur ekki til óunninna vinnustunda sem greitt er fyrir, svo sem vegna orlofs, frídaga og sjúkraleysis. Hún tekur heldur ekki til matarhlés eða tímans sem það tekur að ferðast milli heimilis og vinnu.

Breytan tekur til vinnustunda sem eru raunverulega unnar á hefðbundnum vinnutíma, unninna vinnustunda í viðbót við þær, tíma sem fer í verk eins og undirbúningsvinnu á vinnustað og tímans sem samsvarar stuttum hvíldarhléum á vinnustað.

Ef nákvæmur fjöldi vinnustunda, sem raunverulega er unninn, er óþekktur má meta hann á grundvelli fræðilegs fjölda vinnustunda og meðaltals fjarvistarstunda (vegna veikinda, barneigna o.s.frv.).

⁽¹⁾ Ólaunuðum starfsmönnum í sömu fjölskyldu hefur verið bætt við sem meginreglu enda þótt erfitt sé að fá nákvæmar tölur.

Atriði sem talin eru með samkvæmt þessari skilgreiningu:

- heildarfjöldi raunverulegra vinnustunda:
 - reglulegar vinnustundir,
 - yfirvinna, hvort sem hún er launuð eða ólaunuð ⁽¹⁾,
 - vinna á næturnar, sunnudögum eða almennum frídögum,
- tími sem varið er við verkefni eins og að undirbúa vinnu, undirbúa, viðhalda og hreinsa áhöld og vélar og að skrifa vinnuseðla og skýrslur,
- tími sem varið er á vinnustað en ekkert er unnið, til dæmis vegna vélarstöðvunar, slysa eða tilfallandi verkefnaskorts en greitt er fyrir samkvæmt starfssamningi,
- stuttur hvíldartími á vinnustað, þ.m.t. te- og kaffihlé.

Atriði sem eru undanskilin:

- stundir sem greitt er fyrir en eru ekki unnar vegna leyfis, veikinda, slysa, verkfalla, verkþann, slakatíma o.s.frv.
- tími sem fer í matarhlé,
- tími sem fer í að ferðast milli heimilis og vinnu.

Breyta 230: Laun

Markmiðið með launavísitölunni er að meta þróun greiddra launa.

Laun eru skilgreind sem „heildarlaun í fé eða fríðu sem greidd eru öllum einstaklingum á launaskrá (þ.m.t. starfsmönnum með vinnuaðstöðu heima) fyrir unna vinnu á uppgjörstímabilinu“, án tillits til þess hvort greitt er fyrir hana með tilliti til vinnutíma, afraksturs eða ákvæðisvinnu eða hvort greitt er fyrir hana reglulega.

Laun taka til virðis hvers konar framlags til almannatrygginga, tekjuskatts o.s.frv. sem starfsmanni ber að greiða, jafnvel þótt vinnuveitandi dragi þau í raun af launum þeirra og greiði beint til almannatryggingakerfa, skattýfirvalda o.s.frv. fyrir hönd starfsmannsins. Laun taka ekki til framlags til almannatrygginga sem vinnuveitanda ber að greiða.

Laun taka til: allra óreglulegra aukagreiðslna, kaupauka, greiðslna sem vinnuveitandi er ekki skyldugur að greiða, greiðslna fyrir 13. mánuð, biðlauna, húsnæðisstyrks, ferðastyrks, framfærslu- og fjölskyldugreiðslna, þjófjár, umboðslauna, aukþóknunar fyrir fundarsetur o.s.frv., sem starfsmenn fá, auk skatta, framlags til almannatrygginga og annarra fjárhæða sem starfsmönnum ber að greiða og vinnuveitandi dregur af launum þeirra.

Greiðslur til afleysingafólks heyra ekki undir laun.

Atriði sem talin eru með samkvæmt þessari skilgreiningu:

- öll grunnlaun sem eru greidd með reglulegu millibili,
- hærri launagreiðslur fyrir yfirvinnu, næturvaktir, helgarvinnu o.s.frv.,
- allir styrkir, óreglulegar aukagreiðslur eða kaupaukar sem atvinnurekandinn greiðir, t.d.:
 - framfærslukostnaður, húsnæði, innanlands- eða utanlandsstyrkir,
 - fæðisstyrkir,
 - styrkir til að ferðast í og úr vinnu,
 - orlofslaun, laun fyrir 13. mánuðinn,
 - aukagreiðslur fyrir ótekna orlofsdaga,
 - kaupaukar vegna afraksturs, framleiðslu eða framleiðni,
 - aukagreiðslur vegna slæmra starfsskilyrða, eins og ryks, óhreininda, hitastigs, reyks, hættu o.s.frv.,
 - raungreiðslur vegna starfsmanna sem hefur verið sagt upp,
 - styrkir fyrir tillögur að endurbótum og einkaleyfagreiðslur, greidd starfsmanni,
 - þóknun stjórnarmanna og starfsmanna,
 - fjölskyldugreiðslur sem vinnuveitandi greiðir samkvæmt kjarasamningi,
- umboðslaun,
- verðmæti jöfnunarhlutabréfa sem ráðstafað er til starfsmanna án greiðslu,
- greiðslur vinnuveitenda til starfsmanna samkvæmt sparnaðarkerfum eða öðrum kerfum,
- skattar, iðgjöld og aðrar fjárhæðir sem launþegar greiða og vinnuveitendur draga frá launum,
- allar greiðslur í fríðu.

⁽¹⁾ Erfitt er að fá upplýsingar um ógreidda yfirvinnu í ýmsum aðildarríkjum en hún er samt sem áður talin með samkvæmt grundvallarreglu.

Atriði sem eru undanskilin:

- lögboðin framlög til félagslegra kerfa, greidd af vinnuveitanda,
- kjarasamningsbundin, lögboðin og valfrjáls framlög til félagslegra kerfa sem vinnuveitandi greiðir,
- reiknað framlag til félagslegra kerfa (félagslegar bætur sem vinnuveitandi greiðir beint),
- styrkir greiddir starfsmönnum vegna kaupa á verkfærum og búnaði og sérstökum fatnaði sem þeir þurfa að nota við vinnu sína eða sá hluti launa þeirra sem samkvæmt ráðningarsamningi skal verja í slík kaup,
- skattar sem vinnuveitandi greiðir af heildarlaunum,
- endurgreiðsla til starfsmanna vegna kostnaðar við ferðir, brottflutning, staðsetningu utan vinnustaðar, hótél og risnu, síngjöld o.s.frv. sem stofnað er til við vinnu,
- útgjöld vegna starfsmenntunar (námskostnaður), að undanskildum launum lærlinga,
- laun sem vinnuveitandi greiðir áfram ef um veikindi er að ræða, vinnuslys, fæðingarorlof eða skammtíma-ráðningar,
- annar launakostnaður sem vinnuveitandi greiðir:
- kostnaður vegna nýráðninga,
- félagsleg útgjöld, svo sem endurgreiðsla vegna daglegs flutnings starfsmanna í og úr vinnu, hvort sem það er fyrirtækið sem leggur til farartækið eða þriðji aðili fyrir hönd fyrirtækisins, greiðslur í stéttarfélagssjóði,
- hlutabréfavalréttur ⁽¹⁾.

Til að meta greiðslur í fríðu gildir eftirfarandi regla: greiðslur í fríðu frá vinnuveitanda skulu metnar á verði framleiðanda; greiðslur í fríðu, sem vinnuveitandi kaupir, skulu metnar á markaðsverði.

Breyta 310: Framleiðsluverð

Markmiðið með framleiðsluverðsvísitölunni er að mæla mánaðarlega þróun viðskiptaverðs atvinnustarfsemi.

Vísitala innlands framleiðsluverðs vegna atvinnustarfsemi mælir meðalverðþróun á öllum vörum og tengdri þjónustu vegna þeirrar starfsemi sem eru seldar á innanlandsmarkaði. Erlend verðvísitala sýnir meðalverðþróun (umreiknað í gjaldmiðil hlutaðeigandi lands) á öllum vörum og tengdri þjónustu vegna þeirrar starfsemi sem eru seldar utan innanlandsmarkaðar. Saman sýna þessar tvær vísitölur meðalverðþróun á öllum vörum og tengdri þjónustu vegna tiltekinnar starfsemi.

Nauðsynlegt er að öll einkenni, sem ráða verði á vörunum, séu tekin til greina, þ.m.t. magn seldra eininga, flutningur, afsláttur, þjónustuskilyrði, ábyrgðarskilyrði og ákvörðunarstaður. Forskriftin verður að vera á þá leið að spurnar-einingin geti sanngreint vöruna á næstu viðmiðunartímabilum og gefið viðeigandi verð á einingu.

Eftirfarandi reglur gilda um skilgreiningu á verði:

- viðeigandi verð er verð frá verksmiðju ⁽²⁾ og eru innifalin í því öll gjöld og skattar á vörur og þjónustu sem einingin færir til reiknings að undanskildum þeim virðisaukaskatti sem einingin færir viðskiptamanni beint til reiknings og öðrum svipuðum, frádráttarbærum sköttum sem tengjast veltu beint,
- ef flutningskostnaður er innifalinn skal það koma fram í vörulýsingunni,
- ef rétt verðþróun á að koma fram skal sýna raunverulegt viðskiptaverð en ekki listaverð,
- í vísitölu framleiðsluverðs skal taka tillit til gæðabreytinga á vörum,
- verð, sem tekið er saman á tímabili t, skal eiga við pantanir sem bókaðar eru á tímabili t (þegar pantað er), ekki þegar verslunarvaran fer frá verksmiðjunni,
- fyrir framleiðsluverð á erlendum markaði skal verðið reiknast við landamærin, fob (frítt um borð).

Upplýsingarnar um samantekið verð eiga gjarna við tiltekinn dag á miðju viðmiðunartímabilinu. Ef engar verðupplýsingar eru tiltækar fyrir viðkomandi dag má verðið jafngilda meðaltali á öllu tímabilinu.

Hægt er að nota vísitölur framleiðsluverðs fyrir byggingarstarfsemi sem mat á breytum fyrir byggingarkostnað. Þær mæla verðþróun íbúðabygginga, að undanskildum sambýlum, öðrum byggingum en íbúðabyggingum, lóðaverði og greiðslum til arkitekts og öðrum útgjöldum. Þær endurspeglar verðið sem viðskiptavinurinn greiðir byggingafyrirtækinu. Þess vegna endurspeglar þær ekki eingöngu breytingar á kostnaðarpáttum byggingarstarfsemi heldur einnig breytingar í framleiðni og hagnaðarhlutfalli. Auk þess er tímabundinn mismunur milli framleiðsluverðs og samsvarandi framleiðslukostnaðar.

⁽¹⁾ Hlutabréfavalréttur hefur verið undanskilinn, einkum af hagnýtum ástæðum sem tengjast erfiðleikum að því er varðar samræmda skilgreiningu og gagnaöflun, jafnvel þótt oft sé litið á hann sem uppbót fyrir vinnu sem tengist heildarafköstum fyrirtækisins.

⁽²⁾ Eða jafngildi fyrir starfsemi sem felur ekki í sér framleiðslu.

Breyta 311: Framleiðsluverð á innlendum markaði**Breyta 312: Framleiðsluverð á erlendum markaði**

Markmið og einkenni vísitalna fyrir breytu 310 (framleiðsluverð) eiga einnig við um vísitölur sem greina á milli framleiðsluverðs á innlendum og erlendum markaði.

Innlend og erlend verðvísitala útheimtir að sérstakar framleiðsluverðsvísitölur séu teknar saman samkvæmt ákvörðunarstað vörunnar. Ákvörðunarstaðurinn fer eftir búsetu þriðja aðila sem pantaði eða keypti vöruna. Skilgreining á innanlandsmarkaði felst í því að þriðji aðili og spurnareiningin séu á yfirráðasvæði sama lands.

Breyta 313: Einingarverðsvísitala

Unnt er að nota einingarverðsvísitöluna til að meta framleiðsluverð á erlendum markaði.

Í þessari vísitölu reiknast einingarverð sem söluverð vöru deilt með seldu magni samkvæmt gögnum um utaríkisverslun. Síðan er farið með þetta einingarverð sem meðalverð vörunnar og vísitalan reiknuð á sama hátt og hefðbundnar framleiðsluverðsvísitölur.

Breyta 320: Byggingarkostnaður

Tilgangurinn með vísitölu byggingarkostnaðar er að sýna þróun kostnaðar sem verktaki stofnar til við byggingarfrankvæmdirnar.

Vísitala kostnaðarþátta (efniskostnaðar og launakostnaðar) sýnir verðþróun framleiðsluþátta sem notaðir eru í byggingariðnaðnum.

Vísitala byggingarkostnaðarins reiknast sem:

$$I = \sum_{i=1}^n (w_i^M * M_i + w_i^L * L_i + \dots)$$

með	I	=	vísitala byggingarstarfsemi
	M_i	=	vísitala efniskostnaðar
	L_i	=	vísitala launakostnaðar
	w_i^M	=	vægi efnis
	w_i^L	=	vægi launakostnaðar

Aðrir þættir byggingarkostnaðarins eru tækjakostur og búnaður, flutningur, orka og annar kostnaður.

Þóknun arkitekts er ekki hluti af byggingarkostnaði.

Breyta 321: Efniskostnaður

Vísitala efniskostnaðar reiknast venjulega með efnisverði. Verð á efni skal byggjast á raunverði fremur en listaverði. Verð skal byggjast á úrtaki af vörum og birgjum. Verð er metið án virðisaukaskatts.

Breyta 322: Launakostnaður

Launakostnaðarvísitalan skal taka til launa og almannatryggingagjalda fyrir alla starfsmenn. Í gjöldum til almannatrygginga felast: i) lögboðin framlög til félagslegra kerfa, greidd af vinnuveitanda, ii) kjarasamningsbundin, lögboðin og valfrjáls framlög til félagslegra kerfa sem vinnuveitandi greiðir og iii) reiknað framlag til félagslegra kerfa (félagslegar bætur sem vinnuveitandi greiðir beint).

Breyta 411: Byggingarleyfi: fjöldi íbúða

Markmiðið með byggingarleyfivísitölunni fyrir fjölda íbúða er að sýna framtíðarþróun í byggingarstarfsemi með tilliti til einingafjölda.

Byggingarleyfi er heimild til að hefja vinnu við byggingarfrankvæmd. Leyfi er þá lokastig skipulags- og byggingarheimildar frá opinberum yfirvöldum áður en verk er hafið.

Vísitala, sem byggist á þessum leyfum, skal veita góðar upplýsingar um vinnuálag í byggingariðnaðnum í náinni framtíð enda þótt ekki sé um það að ræða þegar stór hluti leyfa er ekki notaður eða þegar langur tími líður frá því leyfi fæst og bygging hefst.

Vísitölur vegna fjölda leyfa eru teknar saman fyrir byggingar með einni íbúð og byggingar með tveimur eða fleiri íbúðum. Húsnæði er eitt herbergi eða fleiri herbergi og viðbótarrými í varanlegri byggingu eða skipulögðum, aðgreindum hluta hennar sem hefur verið byggður, endurbýggður, breytt o.s.frv., og er ætlað sem einkaheimili.

Það skal hafa séraðgang að götu (beinan eða um garð eða lóð) eða sameiginlegu svæði í byggingunni (stigagangi, gangi, palli o.s.frv.). Laus herbergi til íbúðar, sem augljóslega skal nota sem hluta af húsnæðinu, skal telja sem hluta af því. Húsnæði getur þannig verið aðgreindar byggingar innan sama svæðis, að því tilskildu að það sé augljóslega ætlað til íbúðar fyrir sama einkaheimili.

Breyta 412: Byggingarleyfi: nothæft gólfrymi í fermetrum eða annarri mælieiningu

Markmiðið með byggingarleyfisvísitölunni fyrir nothæft gólfrymi er að sýna framtíðarþróun í byggingarstarfsemi með tilliti til rúmmáls.

Byggingarleyfi er heimild til að hefja vinnu við byggingarframkvæmd. Leyfi er þá lokastig skipulags- og byggingarheimildar frá opinberum yfirvöldum áður en verk er hafið.

Vísitala, sem byggist á þessum leyfum, skal veita góðar upplýsingar um vinnuálag í byggingariðnaðnum í náninni framtíð enda þótt ekki sé um það að ræða þegar stór hluti leyfa er ekki notaður eða þegar langur tími líður frá því leyfi fæst og bygging hefst.

Vísitalan er samantekt á fermetrum nothæfs gólfrymis bygginga sem veitt hefur verið leyfi fyrir. Nothæft gólfrymi byggingar ⁽¹⁾ mælist innan ytri veggja, þó ekki:

- svæði sem eru hluti af byggingunni sjálfri (t.d. svæði undir veggjum, burðareiningum, stöplum, staurum, stokkum, reykháfum),
- fermetrar tæknirýmis (t.d. svæði með hitunar- og loftræstibúnaði eða rafölum),
- umferðarrými (t.d. stigagangar, lyftur, rennistigar).

Innifalið í þeim hluta nothæfs heildarbyggingarsvæðis, sem notað er sem hóbýli, er svæðið sem notað er fyrir eldhús, stofur, svefnherbergi og aukaherbergi, kjallara og sameiginleg herbergi sem eigendur íbúðaeininganna nota.

Unnt er að nota aðrar mælingar ef aðildarríkin nota þær ótvírætt og í samræmi eins og mælt er fyrir um í 1. lið c-liðar í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1165/98.

Í reglugerð (EB) nr. 1165/98 er vísað til flokkunar á byggingarstarfsemi þegar beðið er um upplýsingar um byggingarleyfi fyrir mismunandi byggingarflokka. Í flokknum „aðrar byggingar“ í reglugerð (EB) nr. 1165/98 eru eftirfarandi flokkar í flokkun á byggingarstarfsemi:

- hótél og áþekkar byggingar,
- byggingar fyrir heildsölu- og smásöluverslun,
- umferðar- og fjarskiptabyggingar,
- iðnaðarbyggingar og vöruskemmur,
- byggingar undir menningarlega starfsemi, menntun, sjúkrahús eða umönnunarstofnanir,
- aðrar byggingar en íbúðabyggingar.

Breyta 330: Raunvirðir sölu

Markmiðið með raunvirði sölu er að taka mið af áhrifum verðbreytinga við leiðréttingar á veltu.

Raunvirðir sölu í smásöluviðskiptum er raunvirðir seldra vara en ekki veittrar þjónustu.

Verðið, sem notað er til að reikna raunvirði fyrir tiltekna starfsemi, reiknast sem vegið meðalvirði viðkomandi vöruverðsvísitölu fyrir þá starfsemi. Nauðsynlegt er að allar breytur, sem ráða verði á vörunum, séu teknar til greina, þ.m.t. magn seldra eininga, flutningur, afsláttur, ábyrgðarskilyrði og ákvörðunarstaður.

Forskriftn verður að vera á þá leið að spurnareiningin geti sanngreint vöruna á næstu viðmiðunartímabilum og gefið viðeigandi verð á einingu.

Ef rétt verðþróun á að koma fram skal sýna raunverulegt viðskiptaverð en ekki listaverð.

Upplýsingar um samantekið verð miðast helst við sérstaka dagsetningu í mánuðinum.

⁽¹⁾ Skilgreining á nothæfu gólfrymi er í samræmi við flokkun á tegundum bygginga (CC) sem vísar til *Statistical Standards and Studies*, nr. 40, United Nations, New York 1987, og *Statistical Standards and Studies*, nr. 43, United Nations, New York 1994.

Skilgreining á efnahagssvæði

Efnahagssvæðið tekur til eftirfarandi atriða:

- landsvæðis undir stjórn ríkisstjórnar þar sem flutningur einstaklinga, vara, þjónustu og fjármagns er frjáls,
- alls frísvæðis, þ.m.t. tollvörugæymslur og verksmiðjur sem hlíta tolleftirliti,
- lofthelgi, landhelgi og landgrunnur sem liggur á alþjóðlegu hafsvæði og landið hefur einkarétt á,
- lenda innan svæðisins, þ.e. landsvæði í öðrum löndum sem eru notuð, samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum eða samningum milli ríkjanna, undir almennar ríkisstofnanir landsins (sendiráð, ræðismannsskrifstofur, herstöðvar, vísindastöðvar o.s.frv.),
- olfu- og jarðgaslinda o.s.frv. á alþjóðlegum hafsvæðum fyrir utan landgrunn viðkomandi lands sem eru unnar af einingum með búsetu á landsvæðinu eins og áður var skilgreint.

Efnahagssvæðið tekur ekki til eftirfarandi atriða:

- lenda utan svæðisins (þ.e. hlutar landsvæðis viðkomandi lands sem notaðir eru undir ríkisstofnanir annarra landa, stofnanir Evrópusambandsins eða alþjóðlegar stofnanir samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum eða samningum milli ríkja).

Skilgreining þessi er í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið (ESA) frá 1995, málsgreinar 2.05-2.06.

Mismuninn á innlendum og erlendum markaði skal, í tengslum við skammtímahagskýrslur, túlka í samræmi við landsvæði aðildarríkjanna. Skilgreining þessi kann að verða endurskoðuð síðar til að taka sérstakt tillit til samrunans í Evrópu og/eða myntsamrunans í samræmi við aðrar viðkomandi reglugerðir.